

Nýir félagsmenn

Við bjóðum nýja Ármenn velkomna í hópinn og tökum vel á móti þeim í félagsheimilinu, sem og á veiðisvæðum okkar næsta sumar.

Nr. 692 Vignir Barkarsson Hjarðarholti 18 300 Akranesi 8614746, 4314545
Nr. 693 Stefán Þór Þórisson Akurgerði 8 300 Akranesi 8460190, 4314476

Bæ bæ félagar

Eftir mjög svo gefandi starf um langt árabíl í þágu Ármanna nenni ég þessu ekki lengur. Þetta verður síðasta tölublað Áróðs sem ég bý til prentunar. Þar fyrir utan hef ég sagt mig úr stjórn félagsins.

Hvers vegna? Mér hefur þótt slæmt að geta ekki setið stjórnarfundum og haft

áhrif á ákvarðanatökur - stundum frétt af þeim síðar. Og ég er orðinn þurrausinn af orðum að fylla upp í eyður bláðsins okkar. Ég óska arftökum gæfu og gengis. Félaginu ann ég af heilum hug.

Með kveðju, Ragnar Hólm

Sumir velja sér
tvo lífsförunauta
um ævina

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:

Intersport
J. Vilhjálmsson
Útillif
Veiðibúðin við Lækinn
Vesturröst

Allt til
stangveiða
á þægilegu verði



Vilt þú gera veiðitúrinn ánægjulegri? Hjá okkur færðu græjurnar á góðu verði og allt annað verður leikur einn.

Silungaflugur frá	120,-
Straumflugur frá	160,-
Laxaflugur frá	200,-
Túbur frá	250,-
Flugustangir Arkó	
Sth, Graphite í hólki	9.900,-
Vöðlur Fladen, Neoprene 4,5 mm	8.900,-
Kaststangir frá	1.290,-
Kasthjól Fladen 6 legu	5.990,-
St.Croix stangir frá	12.900,-
St.Croix fluguhjól frá	5.990,-

ST.CROIX

Krókar, hnýtingarefni
og margt fleira.
Sjón er sögu ríkarl.

ARKÓ
VEIÐIVÖRUR

Krókhálsi 4, 110 Reykjavík
Sími: 587 5800 • www.arko.is

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Mái 2003

Sumarkveðja frá stjórninni

Kærur félagar, nú er loksins kominn sá árstími sem kallar okkur frá amstri hversdagsins til að fara út í náttúruna á vit ævintýrana með veiðistöng og nokkrar flugur sem hnýttar hafa verið á vetrarkvöldum. Margir komu í Árósa í vetur og nutu þar samvista við aðra veiðmenn meðan hnýtt var eða spjallað um gömul og ný ævintýri eða væntingar fyrir komandi sumar.


Stjórnin hvetur félagsmenn til að reyna hið nýja veiðisvæði félagsins, Brúará í landi Spóastaða sem við vonum að verði eitt af veiðisvæðum okkar í framtíðinni.

Við minnum félagsmenn á að kynna sér laus veiðileyfi í Brúará, Grenlæk og

Hlíðarvatni. Þau eru til sölu í Vesturröst hjá Ingólfi, einum félagi okkar.

Stjórnin óskar öllum félagsmönnum gleðilegs sumars og vonar að það verði þeim ánægjulegt. Munum að virða hinar fallegu síðareglur okkar: Árnaður virðir íþrótt, bráð, land og annan mann.

F.h. stjórnarinnar
Jóhanna Benediktsdóttir



Ertu með netfang?

Skorað er á félagsmenn að láta stjórn í té netföng sín. Það margborgar sig vað vera með netfangið á skrá hjá Ármönnum. Sendu póst á armenn@armenn.is og skráðu þig á listann.

Stjórnin

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu, Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, ragnarh@akureyri.is.

www.armenn.is / armenn@armenn.is

Opnunartímar í Árósum

Í október hefst vetrarstarfið aftur af fullum krafti og verða þá Skegg og skott að nýju á mánudagskvöldum frá kl. 20-22 og opið hús á miðvikudagskvöldum. Þá hittast Ármenn sælir og útteknir eftir skemmtilegt veiðisumar og segja vonandi miklar sögur af góðum dögum úti í íslenskri náttúru.

Formenn í gegnum tíðina

Hér er listi yfir alla formenn félagsins frá upphafi, eða í 30 ár. Þeir eru sem hér segir:

Jón Hjartarson, 28. feb. '73 – des. '74
Bjarni Kristjánsson, des. '74 – nóv. '76
Jóhann Þorsteinsson, nóv. '76 – nóv. '78
Bjarni Kristjánsson, nóv. '78 – nóv. '79
Skúli Johnsen, nóv. '79 – des. '80
Gylfi Pálsson, des. '80 – nóv. '83
Hreinn Haraldsson, nóv. '83 – ágúst '85
Svend Richter, ágúst '85 – nóv. '85
Sigurður H. Benjamínsson, nóv. '85 – okt. '89
Daði Harðarson, okt. '89 – jan. '94
Birgir Guðmannsson, jan. '94 – jan. '98
Ragnar Hólm Ragnarsson, jan. '98 – jan. '00
Hannes Jóhannsson, jan. '00 – jan. '02
Jóhanna Benediktsdóttir, jan. '02 –

Ég ákvað að taka þetta saman fyrir okkur hina yngri félagsmenn til þess að vita meira um sögu félagsins. Eins og kom fram í 30 ára

afmælinu 28. febrúar sl. þá voru það stórhuga menn sem stofnuðu þetta félag.

Við munum flest ártöl og dagsetningar í lífi fjölskyldunnar en oft renna önnur atriði saman í einn graut og erfitt getur verið að rifja upp einstök ártöl í lífinu. Í undirbúningi afmælishófsins spurði ég nokkra fyrrum formenn hvenær þeir voru við stjórnvölin, hvaða ár og hversu mörg ár, þá var stundum fátt um svör og þess vegna fannst mér það ekki fráleit hugmynd að skrá í Áróð hverjir hafa verið formenn félagsins í gegnum tíðina. Menn geta þá hér eftir flett þessu upp á netinu.

Jóhanna Benediktsdóttir # 589

Minnt er á útleigu á Árósum, góðum veislusal sem tekið hefur algjörum stakkaskiptum eftir miklar endurbætur. Leiga fyrir salinn er 18.000 kr. en að auki greiðast 5.000 kr. í tryggingagjald sem fást endurgreiddar ef menn sjá sjálfir um þrif og frágang að veisluhöldum loknum. Hafið samband við stjórn Ármanna í tæka tíð. Netfang stjórnar er armenn@armenn.is.

Kosningahelgi í Flóðinu

Fimmtudaginn 9. maí fékk ég óvænt símtal. Það voru forföll í öðru hollinu í Flóðið og mér boðin stöng. Ég þáði boðið með þökkum og æddi af stað um hádegis daginn eftir með Egil IPB Árnason # 566 mér til halds og trausts. Ferðin austur gekk tíðindalaust, ef frá er talið ofboðslegt haglé sem dundi yfir okkur skammt fyrir austan Hellu. Þegar við vorum búnir að fleygja dótinu okkar í hús var klukkan að nálgast fimm svo við brunuðum niður að Bátalæginu og gerðum klárt. Það voru frábærar aðstæður, hægur norðaustan andvari, sólarglenna annað slagið og 8 – 10° hiti. Við hittum félagana sem voru rúmum klukkutíma á undan okkur og spurðum fréttu.

Það fór engum sögum af veiði hjá fyrsta hollinu, veiðibókin var auð og álitamál hvort þeir hefðu yfir höfuð mætt (samkvæmt Mogganum kom svo í ljós að þeir höfðu heldur betur mætt og veitt 150 fiska). Félagar okkar voru samt glaðir í bragði, höfðu séð fisk hér og þar og sett í einhverja á fyrsta klukkutímanum. Það var ekki eftir neinu að biða og áður en hægt var að segja Simms G3 var Egill vaðinn út í mitt flóðið og farinn að kasta. Það leið ekki á löngu áður en hann var kominn með fisk á færið, það reyndist að vísu staðbundinn urriði, en feitur og fallegur rétt tæplega 60 sm. Þar sem Dentistinn sat alveg aftur í tálknum var ekki um annað að ræða en að drepa greyð en annars var leitast við að sleppa öllum fiski.

Svona leið vaktin og það voru sælir og glaðir félagar sem héldu heim að Fossum í vaktarlok, til að sitja þar veislu í boði félaganna. Það kom mér skemmtilega á óvart hvað aðstaðan á Fossum hefur batnað síðan ég gisti þar síðast og ég get hiklaust mælt með henni við hvern sem er. Að Fossum var setið við snæðing og spjall og eins og við var að búast dróst fram úr hófi að drífa sig í háttinn, enda leitun að skemmtilegri félagskap en þarna var saman kominn, Brödrene Gunnar og Sigurður Rósarssynir og prófessor Jón félagi þeirra.

Svo rann upp kosningadagurinn og þegar við Egill hengsluðumst af stað skartaði Flóðið sínu fegursta. Það var fiskur allsstaðar. Þeir sýndu sig margir í einu í Trektinni, það var fiskur í Efri-Skurði, Hólmunum, við brúna, í Bátalæginu, bara út um allt. Nær allur fiskur sem veiddist voru birtingar, auðvitað í mismunandi ástandi, þetta var frá 35 og upp í kringum 70 sm fiskar, sumir feitur og fallegir en aðrir í horaðra lagi. Maður hefur þó oft séð mjórri slöngur á þessum tíma árs, en ætli hlýindin í vetur og vor hafi ekki haft einhver áhrif.

Við félagarnir hættum svo snemma á laugardagskvöldið því nú var komið að okkur að sjá um borðhaldið. Aftur dróst fram úr hófi að koma sér í koju, það voru kosningatölur og alls konar grín sem hélt fyrir okkur vöku fram á nótt.

Það var drjúgur hluti liðinn af síðustu vaktinni, þegar við hófum veiðar á sunnudeginum. Þegar við komum að Bátalæginu blasti við okkur glæsileg sjón. Spegilslétt Flóðið kraumaði af fiski. Hann var að vaka út um allt! Það voru ótrúlega skemmtilegir klukkutímar sem við áttum þarna í lokin á síðustu vaktinni. En allt tekur einhvern tíma enda, og fyrr en varði var kominn tími til að taka saman og halda heim á leið.

Heildaraflinn hjá hollinu var vel á annað hundrað fiska og langflestum þeirra var sleppt. Við hefðum hæglega getað veitt mun fleiri fiska, en þarna voru á ferðinni sannir Ármenn sem virtu íþrótt umfram aflamagn og gáfu sér góðan tíma til að njóta náttúrunnar, umhverfisins og félagsskaparins.

Þegar á allt er litid er þetta einhver alskemmtilegasti veiðitúr sem ég hef farið í um dagana og það er ekki spurning um hvort heldur hvenær ég fer aftur í Flóðið.

Hjálmar Theodorsson # 633

ég ræddi við hann í síma: “Hættu að hringja, þetta þýðir ekkert fyrir ykkur, þeir bjóða alltaf betur.” Þar með var sá draumur búinn.

Hvað Kjósverja snerti var Gisli á Meðalfelli ekki frábitinn því að leigja okkur Bugðu en viðsemjendur hans varðandi Laxá vildu ekki sleppa hjáleigunni og þeir hlutu að ráða. Í staðinn fengum við lausaleyfi í Laxá sem öll seldust upp en svo breyttust aftur tímar með nýjum leigutökum. Við fengum þá lausadaga í Haffjarðará og í kjölfar þess tókum við Oddastaðavatn á Heydal á leigu en þar gerðust dularfullir atburðir. Deildar meiningar voru hjá veiðiréttareigendum um þessa leigu en eins og gera má ráð fyrir var á heppilegum stað stíkað út tjaldsvæði og reist tilheyrandi náðhús. Við fórum að setja upp þennan kamar, Kolbeinn, Þorsteinn, Guðmundur úr Njarðvík, Pétur Ólafsson, Bjarni Kristjánsson og ég. Steini vígði salernið og var sennilega fyrsti og síðasti maðurinn sem þar hægði sér því að nóttina eftir var þessi glæsilega nýbygging brennd til ösku - ótryggð.

Samningatilraunir fóru fram við Laxármenn í Dölum, Ella vegagerðar og Jóhann í Ási - allt rann út í sandinn, “Laxá er ekki fyrir hvern sem er,” sögðu fulltrúar veiðiréttareigenda, Pepsi Cola hafði sitt fram.

Reynisvatn var tekið á leigu af Reykjavíkurborg og sleppt í það urriðaseiðum frá Laxamýri.

Það sem einkenndi þessa stjórn var styrkur liðsheildarinnar. Þarna lögðust menn á eitt og spöruðu sig ekki. Í stjórninni man ég eftir KK, Þorsteini, Kolbeini, Pétri Ólafssyni, Stefáni Yngva Finnbogasyni, Jens Clausen, Geir Thorsteinssyni og félagi hans, prentaranum Erlendi - þeir gáfu út eintak af mögnuðu blaði sem ég vona að einhvers staðar sé til. Stjórnarfundir voru haldnir vikulega á vetrin og stóðu aldrei lengur en klukkustund; reynt var að undirbúa og vinna fundarefnið vel fyrirfram.

Oft er spurt hvers konar félagsskapur er þessir Ármenn?

Ég held að Ármenn séu meinhægir, hæfilega þrasgjarnir, seinþreyttir til vandræða, hjálpsamir og greiðvirkir vinir vina sinna *en umfram allt þjóðlegir!* Heimur þeirra er ekki ýkja víðfeðmur, nær lengst austur í Grenlæk en þeir una glaðir við sitt - hérna heima í Árósum.

Til hamingju með afmælið!

Afsláttur til Ármanna

Athygli félagsmanna er vakin á því að ýmsar verslanir bjóða okkur sérstakan afslátt gegn framvísun félagsskírteinis. Hér að neðan eru gagnlegar upplýsingar sem gott er að kíkja á skömmu áður en kaupæðið rennur á veiðimennina.

Útivist og veiði	Síðumúla 11	15% afsláttur
Veiðihornið	Hafnarstræti 5 / Síðumúla 8	10% afsláttur í netklúbbi
Vesturröst	Laugavegi 178	10-15% afsláttur
Veiðivon	Mörkinni 6	10% afsláttur

Vodka fyrir Svein

Eftir því sem árunum fjölgar gerist það æ oftar að ég lít yfir farinn veg og rifja upp atvik og afrek frá liðinni tíð. Á góðum degi tekst mér stundum að ná fortíðarhyggjunni í svo góðan gir að af hlýst hið þokkalegasta táraflóð.

Eitt slíkt rann fyrir skömmu þegar ég var að undirbúa fyrstu veiðiferð sumarsins. Þá sótti ég úr tölvunni minnislista sem ég setti eitt sinn saman með upptalningu á helstu hlutum sem mér fannst gott að hafa meðferðis í veiðiferðum eða vont að vera án. Þótt listinn sé að mestu frumsaminn þá vakti hann upp endurminningar um annan lista sem ágætur veiðifélagi minn Guðmundur Helgi Guðmundsson hafði áður skrifað í sama tilgangi.

Við lestur á listanum rifjaðist upp eitt minnistæðasta atriðið af lista Guðmundar, "Vodka fyrir Svein". Sveinn Rósinkrans Jónsson var tengdafaðir Guðmundar og þeir veiddu gjarna saman þann tíma sem kynni þeirra stóðu. Ég tel mig vita að það var Sveinn sem kom Guðmundi í kynni við hinn undarlega félagsskap okkar, Ármenn. Báðir eru þeir nú gengnir á vit forfeðra sinna og

veiða saman stórfiska sem vakna á ný að morgni sprettharðir og endurnærðir eftir baráttu gærdagsins líkt og vikingarnir í Valhöll.

Ég minnst þess ekki að Guðmundur hafi verið sérlega hrifinn af Vodka, en trúlega hefur veiðifélaginn kunnað að meta þegar vel var boðið. Mér þótti svo ljúft að hugsa til minnislista Guðmundar þar sem glaðningur fyrir veiðifélagann sat í jafn háum sess og veiðistöng, flugur og lína að ég vildi ekki vera minni maður og bætti "Vodka fyrir Svein" inn á listann minn. Að sjálfsögðu má ekki skilja þetta sem hvatningu til aukinnar áfengisneyslu í veiðiferðum, það eru til fjölmargir aðrir gleðigjafar sem hægt er að deila með veiðifélögum á góðri stund.

Í minningu um þessa tvo ágætu Ármenn sendi ég ritstjóra Áróðs listann minn ásamt leyfi til að prenta hann og senda út í Áróði, eftirlifandi Ármönnum til gagns og gleði eða ógagns og ógleði, svo sem hverjum þykir best henta.

Ágúst Ú. Sigurðsson # 2

Minnisblað fyrir veiðiferðir

Engin ábyrgð tekin á að það henti öllum

- | | | | |
|----------|---|---------------|--|
| 1. Nesti | Brauðmatur
Viðbit
Morgunmatur
Kvöldmatur
Veiðikex og -súkkulaði
Lyf skv. læknisráði
Kaffi og aðrir
hressingardrykkir | 3. Hreinlætið | Sápa
Handklæði
Rakvél
Tannbursti og -krem
Handáburður, sólkrem,
varaáburður |
| 2. Áhöld | Gastæki + kútur + kveikjari
Pottasett
Hnífapör
Skurðbretti
Drykkjarilát og staupasett
Hítabrúsi
Eldhússpappír | 4. Viðlegubún | Tjald
Svefnpoki
Koddi
Náttföt
Innskór |
| | | 5. Hlíðarföt | Vöðlur eða stígvél
Dagblöð til að þurrka
vöðlur með
Regnjakki
Vöðlubuxur |

**Orvis
Thomas & Thomas
Scott
Royal Wulff
RIO
Scientific Anglers
G-Loomis**

**Fluguveiðivörur
Hnýtingarefni**

**10-15% afsláttur
til Ármanna**



**Vesturröst Laugavegi 178 105 Reykjavík
S 5516770**

5. frh.	Vöðlusokkar Veiðihattur Úlpa Peysa Skyrtur Aukanærftöt og sokkar Griflur Flugnanet eða áburður		Hnífur Hnýtingasett
		7. Annað	Vegakort Bílaverkfæri, skófla og spotti Stangafestingar Sætahlifar í bíl Myndavél og filmur Kíkir Sími GPS Aðgerðarborð Laxaslöngur Kælikassi og ís Seðlaveski m/ hæfilegu innihaldi Sólgleraugu
6. Veiðitól	Veiðileyfi og veiðikort Veiðistangir Hjól og línur Flugur Taumefni Veiðivesti Háfur og netpoki Hlífdargleraugu Pundari Rotari	Ekki gleyma	"Vodka fyrir Svein"

www.armenn.is
fréttir • laus veiðileyfi • áróður • vetrarstarf

Ármenn héldu upp á 30 ára afmæli félagsins í febrúar. Hér eru birtir minnisþingir sem Gylfi Pálsson, fyrrverandi formaður, talaði út frá af því tilefni í Árósum. - Ritstjórnin

Ekki stofnfélagi, gekk í Ármenn til þess að geta veitt í Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal. Er nr. 139.

Góðar minningar - vænir urriðar. Gaman að koma í kjallarann til Dagbjarts í Álftagerði að loknum veiðidegi.

Lærði fluguhnýtingar hjá Kolbeini á Freyjugötunni.

Fór að mæta á fundum og hafa skoðanir (rífa kjaft), var fulltrúi Ármanna í LS - kosinn form. veturinn '81-'82. Eftir Skúla Johnsen.

Formennska samkvæmt þriggja ára kenn-ingunni.

1. ár. Leggja fram hugmyndir og hlera undirtektir félagsmanna.

2. ár. Hrinda hugmyndum sem fá hljóm-grunn í framkvæmd.

3. ár. Hnýta lausa enda og leiða mál til lykta. Þá eru væntanlega nýir menn famir að láta í sér heyra, önnur sjónarmið og breytt afstaða, þeirra tími er kominn. Ekki láta koma upp stöðuna: "Ætla helvítis karlinn aldrei að hætta?"

Ég ætlaði mér þrennt:

1. Skapa félaginu samastað, fast húsnæði fyrir félagsstarfið. Það tókst í samvinnu við Skotveiðifélagið, þar var formaður Sverrir Scheving Thorsteinsson. Tekinn var á leigu af Erlingi slökkviliðsmanni hluti af iðnaðar-húsnæði við Skemmuveg. Það var á tveimur hæðum. Hinum megin við þilið niðri var tré-smiðaverkstæði, þar vann Valdór Bóasson ásamt félagi sínum, held að hann hafi verið meðalgöngumaður um leiguna. Þetta var heillaskref, félagslífinu til framdráttar, þarna var vinnuástandi stjórnar og fundarstaður. Eigur félagsins og gögn höfðu verið geymd á heimilum formanna. Ein fundargerðarbók talin glötuð en kom sem betur fór í leitirnar. Í þessu félagsheimili, sem nú væri talið kompa, var oft þéttsetinn bekkur og stigi á fræðslu-fundum og mannfagnaði, hnytingakvöldum, myndasýningum og öðru uppkomum sem enn tíðkast. Stefán Jónsson var jafnan aufúsgestur, Rafn Hafnfjörð greiðvikið myndasýningamaður og Jón Kristjánsson má

segja að hafi verið sérlegur fiskifræðingur Ármanna og átrúnaðargóð. Þessir menn og fleiri voru ávallt boðnir og búnir til að leggja félaginu lið.

2. verkefni var að reisa hús við Hlíðarvatn. Veðráttá á Íslandi er oft hrakleg og lakur skúti að ekki sé betri en úti. Ármenn höfðu átt hús við Kálfá en farið var að halla þar undan fæti, fiskur gekk afar seint í ána og flutningur á hafbeitarlökum annmörkum háður - dauðir fiskar á grindinni, sárir og sveppaloðnir sveimandi í hyljum, svo var þarna um að ræða vafasama stofnblöndun. Samþykkt - ekki átakalaust - að selja Kálfár-húsið og kaupa einfalt sumarhús til að reisa við Hlíðarvatn. Eftir töluverða baráttu við Stakkavikurmenn fékkst að setja það niður á núverandi stað en ekki í malargrýfjunni ofan vegar eins og stóð til í fyrstu lóðarúthlutun. Við uppsetningu hússins komu margir að verki, auðvitað Hlíðarvatnsnefndin með Kolbein Grimsson í fararbroddi og ég minnst Árna Guðbjörnssonar, Arnars Helgasonar og Haraldar Lúðvíkssonar sérstaklega og kastar það ekki rýrd á aðra ötula liðsmenn. Ég held að öllum hafi þótt hinn mesti munur að geta átt sér skjól og næturstað þarna við vatnið. Síðan hefur þetta hús verið endurbætt eins og að líkum lætur.

3. atriðið var að freista þess að taka á leigu einnar eða tveggja stanga laxveiðiá. Þótt Ármenn væru þá sem síðar fyrst og fremst ástríðufullir silungsveiðimenn voru innan um einnig þeir sem meira þótti koma til viðureignar við konunginn sjálfan. Þeim varð að gera til hæfis annars var hætta á að þeir losnuðu úr tengslum við félagið og yfirlögðu það. Farið var vítt og breitt yfir sviðið og staðnæmst við tvær ár: Hrútafjarðará og Bugðu í Kjós. Hrútafjarðará höfðu áhuga á að eiga viðskipi við svo náttúruvænt félag sem Ármenn en sá var hængur á að auðmenn vorum við ekki á borð við alþingismenn, bankastjóra og aðra forstjóra og eftir mikið þóf og tilboð fram og til baka svaraði Jón á Melum, formaður veiðifélagsins, eitt sinn er